

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. desember 2005
Tilvísun: UST20051100044/bs

Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur-Eyri, Reykhólahreppi. Matsskýrsla.

Við er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 4. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun leitaði eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um framkvæmdina þar sem framkvæmdasvæðið er að hluta til innan þess svæðis sem er friðlýst skv. lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Ekki náðist samstaða í nefndinni um umsögn um framkvæmdina. Álit meirihluta nefndarmanna er að þegar á heildina sé litið séu jákvæð áhrif leiðar B fyrir samfélag og umhverfi mun meiri og neikvæð áhrif minni en leiðar D. Nefndin hafnar leið C alfarið, bæði einni sér og sem hluta af leið B. Minnihluti Breiðafjarðarnefndar telur hins vegar að hafna beri leiðum B og C í 2. áfanga þar sem þær leiðir hafi mest neikvæð, varanleg áhrif á náttúru Breiðafjarðar og séu í andstöðu við markmið laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar vegna áhrifa á lífríki, landslag og jarðmyndanir. Minnihluti nefndarinnar telur ásættanlegt að velja leið D með ákveðnum breytingum.

Umhverfisstofnun telur að við mat á áhrifum framkvæmdar á verndargildi þess svæðis sem friðlýst er með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar þurfi að taka mið af markmiðum fyrrgreindra laga sem er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Álit meirihluta Breiðafjarðarnefndar virðist fremur byggja á mati á samfélagslegum og vegtæknilegum þáttum, þ.e. styttingu leiðar, umferðaröryggi, útblæstri bifreiða og umferðarhávaða, en heildaráhrifum á náttúrufarslega þætti sem ræður því hvort verndargildi Breiðafjarðar skerðist. Minnihluti Breiðafjarðarnefndar sýnir fram á með góðum rökum að af þeim valkostum sem lagðir eru fram til úrskurðar muni leið B valda mestum áhrifum á náttúru Breiðafjarðar og hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun tekur undir minnihluta álit Breiðafjarðarnefndar. Stofnunin telur að leið B muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. umfjöllun um einstaka þætti hér fyrir neðan. Stofnunin telur að leið C mun einnig hafa verulega neikvæð og varanleg umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur að velja beri leið D með ákveðnum breytingum, enda hafi sú leið minnst umhverfisáhrif í för með sér og sé ásættanlegur valkostur út frá vegtæknilegum atriðum eins og fram kemur í matsskýrslu.

Hér að neðan er fjallað nánar um áhrif valkosta á einstaka umhverfisþætti.

Almennt

Umhverfisstofnun telur að matsskýrslan sé fremur óskipulega uppsett og í nokkrum tilvikum mótsagnakennd. Því hefur tekið meiri tíma en ella að fara í gegnum skýrsluna og gera athugasemdir við einstök atriði.

Verndarsvæði

Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eru tvö náttúruverndarsvæði.

Breiðafjörður

Samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar eru friðlýstar allar eyjar, hólmar og sker á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja.

Breiðafjörður er einnig á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (Important Bird Areas). Forsendur verndunar: A4i, A4ii, A4iii, B1i, B1ii, B2, B3. (Sjá Heath M.F., Evans M.I., Hoccom D.G., Payne A.J. and Peet N.B., eds. (2000). Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation. Vol. 1: Northern Europe.)

Aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá

Skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar, auk fjara, fitja og sjávarstranda frá Teigsskógum að Grónesi er á náttúruminjaskrá (svæði nr. 303). Í náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt:

Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpaafirði, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu.
(1) Fjörur, fitjar og sjávertjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Viðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.

Sérstök vernd

Framkvæmdin mun hafa áhrif á vistkerfi sem njóta skulu sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þ.e. sjávarfitjar og leirur og hugsanlega mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri (sbr. bls. 71 í matsskýrslu).

Framkvæmdin hefur enn fremur áhrif á birkiskóga en samkvæmt 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar.

Samkvæmt stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) skal forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilstærkerfi Íslands.

ÁFANGI 1

Þetta er liðlega 14 km langur kafli milli Bjarkalundar og Þórisstaða í Þorskafirði. Samkvæmt þeim upplýsingum sem koma fram í matsskýrslu hefur núverandi vegur viðunandi legu, að undanskildum 1 km kafla milli Hofstaða- og Kinnarstaðavegar, og telst burðargeta vegarins

fullnægjandi. Fjallað er um 2 valkosti. Annars vegar þverun Þorskafjarðar nærri núverandi þverun vesturlínu og hins vegar lagfæringu á núverandi vegi ásamt nýrri brú í fjarðarbotninum.

Umhverfisstofnun telur að ekki hafi farið fram sambærilegar rannsóknir vegna hugsanlegrar þverunar Þorskafjarðar og annarra fjarðarþvera sem til umfjöllunar eru í matsskýrslu. Má í því sambandi benda á skýrslur Náttúrustofu Vestfjarða um fjörur í Gufudalssveit og gróðurfar á fyrirhuguðu nýju vegstæði frá Þórisstöðum í Þorskafirði. Því telur stofnunin að ekki sé unnt að taka afstöðu til þverunar Þorskafjarðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Umhverfisstofnun telur að veglagning fyrir Þorskafjörð sé endurbygging núverandi vegar enda verður vikið óverulega frá legu hans og ekki er vikið frá planlegu núverandi vegar. Vegurinn verður breikkaður og lagt á hann bundið slitlag. Umhverfisáhrif þeirrar framkvæmdar verða fyrst og fremst vegna efnistöku og byggingu nýrrar brúar en ekki er þó gert ráð fyrir að ný brú verði reist að sinni (bls. 57 í matsskýrslu). Efnistaka yrði að stærstum hluta úr áreyrum í botni Þorskafjarðar og í Þorgeirdal og hins vegar úr bergskeringum. Fyrirhuguð efnistökusvæði eru ýmist við núverandi veg eða hafa verið nýtt áður sem efnistökusvæði.

Gróður

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróðurfar kemur m.a. fram að áfangi 1 muni ekki hafa áhrif á gróðurfar nema örlitlar spildur sem tengjast núverandi vegstæði við fjöruna, ef fjörðurinn verður þveraður. Í lýsingu á gróðurfari segir: „*Háir malarbakkar verða nýttir til efnistöku. Örlítið birkikjarr og lyng er í lægðum, gisin graslendi efst en ógróin urð þar sem brattast er. Verði hins vegar farið fyrir fjörðinn er aðeins um óverulega breikkun á núverandi vegstæði að ræða.*”

Umhverfisstofnun bendir á að ekki liggja fyrir sambærilegar upplýsingar um gróður á þessum áfanga og fyrir aðra áfanga þar sem ekki var gert gróðurkort af svæðinu.

Fjörulíf

Í matsskýrslu kemur fram að fjörur séu mjög víðáttumiklar, einkum við Þórisstaði. Náttúrustofa Vestfjarða gerði nokkrar athuganir á fjörum á Vestfjörðum og er gerð grein fyrir þeim í skýrslu sem er fylgiskjal með matsskýrslu. Þar kemur fram að ekki voru tekin sýni í Þorskafirði og Kollafirði en fjörunni lýst á báðum stöðum. Í kaflanum Umræður í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða er í umfjöllun um Þorskafjörð vitnað til niðurstaðna rannsókna Agnars Ingólfssonar sem birtar voru í fjölríti Líffræðistofnunar Háskólans 1976 og voru forkönnun á lífríki Gilsfjarðar, Djúpafjarðar, Gufufjarðar og nærliggjandi fjarða.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að ekki liggja fyrir sambærilegar rannsóknir á fjörulífi vegna þverunar Þorskafjarðar og fyrir aðrar þveranir, þ.e. yfir Djúpafjörð og Gufufjörð.

Í matsskýrslu kemur fram að sjálft vegstæðið yfir Þorskafjörð muni líklega hafa lítil sem engin áhrif á skarkolaseiði. Þar segir þó einnig: „*Straumar gætu þó breyst og haft áhrif á að fingerður leir setjist fyrir innan fyllingarnar. Botngerðin myndi þá verða lík því sem er inni í botni fjarðarins en skarkolaseiðin virðast ekki setjast að á slíkum svæðum.*” Ekki liggur fyrir hve flatarmál þess svæðis er sem set gæti safnast á.

Umhverfisstofnun telur því vart hægt að fullyrða út frá fyrirbyggjandi gögnum að áhrif á skarkolaseiði verði lítil sem engin.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að vegagerð á kaflanum Bjarkalundur-Þórisstaðir fyrir botn Þorskafjarðar muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að ekki liggi fyrir nægjanlegar upplýsingar til að hægt sé að gefa álit á mögulegum umhverfisáhrifum vegna þverunar Þorskafjarðar.

ÁFANGI 2

Í matsskýrslu kemur fram að Vegagerðin telur að vegurinn á þessum kafla um og yfir Hjallaháls að Krossgili, í ljósi umferðar, sé fullnægjandi. Í því sambandi er bent á að kaflinn um Hjallaháls sé mjög sambærilegur við veginn um Hálfðán í Vestur-Barðastrandarsýslu hvað krappa og lengdarhalla snertir (bls. 33 í matsskýrslu). Vegagerðin telur að óbreytt ástand eða núll-kostur komi ekki til greina á kaflanum milli Krossgilja og Krakár (bls. 34). Því er ljóst að ekki þurfa að koma til neinar breytingar á vegstæði á kaflanum um Hjallaháls og að sú vegkafla er fullnægjandi út frá vegtæknilegum forsendum.

Leið B

Í matsskýrslu kemur fram að svokallaður fjörukostur sé ekki lagður fram til úrskurðar heldur eingöngu til samanburðar. Umhverfisstofnun telur óljóst hvers vegna fjallað er um svokallaðan fjörukost til samanburðar við aðrar leiðir þar sem um er að ræða valkost sem augljóslega kemur ekki til greina, vegna röskunar á fjörum og strönd við vestanverðan Þorskafjörð, auk áhrifa á amrarsetur.

Hér að neðan er eingöngu fjallað um þá valkosti sem lagðir eru fram til úrskurðar.

Gróður

Í matsskýrslu kemur fram að verði leið B fyrir valinu raskast heildstætt, nánast ósnortið land frá Þórisstöðum að Hallsteinsnesi, auk þverunar Djúpa- og Gufufjarða. Á töngum á utanverðu Hallsteinsnesi eru sérkennileg lón, „þröskuldstjarnir“, auk fjölbreytts votlendis. Ræmur af fitjagróðri eru á milli klettarana á töngum. Vegurinn mun fara nærri tjömunum.

Með leið B er gert ráð fyrir þverun bæði Dúpafjarðar og Gufufjarðar en í botni beggja fjarðanna eru fitjar. Í matsskýrslu kemur m.a. fram að þverun Djúpafjarðar og Gufufjarðar við fjarðarmynni muni líklega ekki hafa teljandi áhrif á fitjarnar að því gefnu að vatnsskipti verði óbreytt.

Umhverfisstofnun telur ekki ljóst hvað átt er við með því að þverun fjarðanna **muni líklega ekki hafa teljandi áhrif á fitjarnar**. Hér er ýjað að því að óvissa ríki varðandi raunveruleg áhrif þverananna en slíkt telur Umhverfisstofnun ekki vera ásættanlegt. Umhverfisstofnun telur að skilgreina verði vel hvað átt er við með fullum vatnsskiptum. Í matsskýrslu kemur fram að við verkhönnun verði tekið mið af því að áhrif brúa verði ekki meiri en við nýlegar fjarðarþveranir með fullum vatnsskiptum. Er nefnd sem dæmi brú yfir Kolgrafarfjörð. Þar er sjávarhæð á meðalstórstraumsflóði óbreytt og sjávarhæð á meðalstórstraumsfjöru 5 cm hærrí en áður. Lægsta fjara á meðalstórstraum er þar 9 mínútum síðar en áður. Full vatnsskipti virðast því ekki felast í því að allir eðlisrænir þættir haldist óbreyttir. Umhverfisstofnun bendir á að þó vatnsskipti sem slík verði óbreytt geta orðið breytingar á þáttum eins og seltu, straumum og setflutningum. Stofnunin telur að gera verði þá kröfu að við þverun fjarða verði vatnsskipti óbreytt í bæði tíma og rúmi og að fæðuöflunartími fugla á leirum innan við þveranir styttest ekki.

Teigsskógur

Leið B, óháð því hvaða veglína verður valin, liggur í vestanverðum Þorskafirði í gegnum

Teigsskóg, sem er samfelldur og mjög þéttur birkiskógur og þekur alla vesturströnd Þorskafjarðar frá Þórisstöðum og út undir Hallsteinsnes, að undanskildum tünnum við Gröf. Birkiskógurinn er nálægt 400 ha að flatarmáli og nær frá fjöru og upp í um 120 m hæð yfir sjávarmáli. Í matsskýrslu kemur fram að sérstaða birkiskógarins felst í því að hann er einn stærsti samfelldi skógurinn á Vestfjörðum og sá stærsti í A-Barðastrandarsýslu. Þéttleiki skógarins gerir það að verkum að hann er ófær bæði mönnum og skepnum og hefur hann því þróast án nýtingar eða beitar. Í matsskýrslu kemur einnig fram að aðrir skógar af svipaðri stærð innan sýslunnar hafa verið skertir vegna ýmissa framkvæmda, s.s. vegalagningar og sumarhúsabygðar t.d. Vattarnes.

Samkvæmt upplýsingum í matsskýrslu og skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um gróður munu um 31-34 ha af skóginum raskast við veglagninguna, eftir því hvaða kostur verður fyrir valinu. Einnig verður rask vegna efnistöku viðs vegar um skóginn, en gert er ráð fyrir 6 námum í Teigsskógi, sem samtals eru um 17,4 ha að flatarmáli auk vegslóða sem verða mislangir eftir því hvaða kostur verður valinn. Alls munu því raskast um 49-52 ha af skóginum eða nálægt 12,5% hans, verði leið B fyrir valinu. Flatarmál námusvæða er þó óvissu háð þar sem þykkt jarðlaga hefur ekki verið könnuð sérstaklega og nýtingarhlutfall óvíst. Við mat á raski á skóginum er þó ekki rétt að taka eingöngu mið af því hversu mikið skóglendi verður fyrir beinu raski vegna framkvæmdarinnar, heldur má gera ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar verði enn meiri og nái til nánast alls skógarins, sbr. eftirfarandi ábendingar í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um gróður:

„Þó að vegagerðin sjálf raski aðeins hluta skógarins, gerir lögun hans það að verkum að nánast allur skógurinn verður fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Skógurinn er víðast 200-500 m breiður og því mun vegstæði um hann endilangan og opnun námusvæða einnig hafa veruleg áhrif á það sem eftir stendur. Fimm af sex námusvæðum eru jafnframt klettaranar sem mynda skjól fyrir skóginn þar sem hann er vöxtulegastur.“

Umhverfisstofnun telur að Teigsskógur hafi mikið verndargildi og að það rask á skóginum sem verður vegna fyrirhugaðar vegagerðar sé með öllu óásættanlegt. Slíkt er enn fremur niðurstaðan í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um gróður. Í því sambandi skiptir ekki máli hvaða veglína verður fyrir valinu þar sem einstök svæði innan skógarins eru líklega mjög misjöfn í svona fjölbreyttu landslagi þar sem skiptast á skýldir, rakir bollar og opin holt. Náttúrustofa Vestfjarða bendir á að verndargildi lýtur annars vegar að því að hér hefur skógurinn verið mjög lengi og því er um að ræða heildstætt þróað vistkerfi og hins vegar því erfðaefni sem þarna er að finna. Hugsanlega hefur orðið einhver aðgreining á erfðaefni eftir aðstæðum þannig að mikilvægt er að vernda samfelld svæði þar sem aðstæður eru misjafnar. Birkiskógar hafa jafnframt almennt mikið verndargildi þar sem lítið er eftir af upprunalegum birkiskógum landsins eða innan við 5%. Samkvæmt könnun á birkiskógum sem gerð var á vegum Skógræktar ríkisins á árunum 1987-1991 og vitnað er til í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða er nú aðeins ríflega 1% landsins vaxið birkiskógi, og er þar um að ræða misþétta og misstóra skógarteiga. Mjög fá af þessum svæðum eru vaxin svo þéttum skógi og svo ósnortin af mönnum og búsmala sem þessi skógur.

Umhverfisstofnun bendir á að það er alrangt sem fram kemur í matsskýrslu og í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða að ekki hafi verið mörkuð stefna um verndargildi birkiskóga. Stofnunin bendir á að samkvæmt 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins **vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum** og skógum til útivistar. Ekki skal að óþörfu eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrisrifi eða á annan hátt. Í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2020 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi) eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi

Íslands. Í umfjöllun um leiðir að markmiðum segir m.a.:

„Ahersla verði lögð á að vernda þær vistgerðir sem hefjur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.“

Samkvæmt stefnumörkuninni skal einnig leitast við að endurheimta votlendissvæði sem ræst hafa verið fram og hefja markvissar tilraunir og aðgerðir við endurheimt upprunalegra vistkerfa, s.s. birkiskóga. Þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði.

Benda má á að á umhverfispingi sem haldið var dagana 18. og 19. nóvember sl. voru kynnt drög að megináherslum á komandi árum eða uppfærðri stefnumörkun um sjálfbæra þróun (Velferð til framtíðar: Megináherslur 2006-2009). Samkvæmt drögunum er það áfram eitt markmiða stefnumörkunarinnar að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í leiðum að markmiðum segir: *„Unnin verður áætlun um endurheimt náttúrulegra vistkerfa, þar á meðal birkiskóga á grundvelli stefnumörkunar um líffræðilega fjölbreytni. Áætlunin verður felld inn í næstu Náttúruverndaráætlun sem taka á gildi árið 2009.“* Um er að ræða drög að endurskoðaðri stefnumörkun og er frestur til að gera athugasemdir við hana ekki liðinn, en hún gefur þó til kynna að stjórnvöld telji enn mikilvægt að vernda birkiskóga og telji sérstaka ástæðu til að fella endurheimt birkiskóga inn í náttúruverndaráætlun.

Í meirihluta álitu Breiðafjarðarnefndar segir meðal annars að meðan á lagningu leiðar B stendur, og jafnvel lengur, geti tenging Djúpadals vel verið áfram um Hjallaháls, en að því búnu sé eðlilegt að leggja tengiveg bæjarins um þann vegslóða sem í dag liggur út Hallsteinsnesið með tilheyrandi fyllingu og ræsi í neðanverðu Krossgili.

Umhverfisstofnun bendir á að vegagerð um svæðið hefði mikið rask í för með sér enda yrðu skeringar miklar vegna bratta. Stofnunin telur því ljóst að sú vegagerð myndi hafa í för með sér verulega neikvæð umhverfisáhrif. Hins vegar liggja ekki fyrir sambærilegar upplýsingar um þá leið og þær leiðir sem kynntar eru í mati á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar, t.d. hafa ekki farið fram sérstakar rannsóknir á náttúruferðum vegna vegagerðar í austanverðum Djúpaafirði. Umhverfisstofnun telur því að leggja verði fram fullnægjandi gögn um umhverfisáhrif þessarar leiðar áður en hægt er að meta að fullu hver umhverfisáhrif hennar verða.

Fuglalíf

Í matsskýrslu segir m.a. að mestu áhrifin á fuglalíf verði á leið B þar sem farið er yfir ósnortið land að mestu. Fjölbreytt fuglalíf er á Hallsteinsnesi þar sem er að finna ísaltar tjarnir og mýrarfláka. Í kringum tjarnirnar er mest af stelkum en í mólendi og kjarrinu umhverfis tjarnirnar eru þúfutittlingur, skógarprestir og hrossagaukur áberandi. Farið verður nærri tjörnunum á Hallsteinsnesi sem gæti leitt til að fjölbreytnin minnki en á því svæði var fjölbreytnin einna mest (bls. 94 í matsskýrslu).

Niðurstaðan í skýrslu Náttúrustofnu Vestfjarða er sú að leið B muni hafa mest áhrif á þúfutittlinga, skógarpresti, hrossagauka og stelka, sem allt eru algengar tegundir. Þær veglínur sem liggja yfir eyjarnar munu hafa áhrif á æðarvarp.

Í matsskýrslu kemur fram að örn verpir innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar en einnig er setstaður arna niður við sjó á milli Teigsskógar og Grenitréssness. Þrír varpstaðir arna eru við Grónesborg og einn í Gróneseyjum, sbr. mynd 2 í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um erni og vegagerð í Djúpaafirði. Fyrirhugað er að gera heimreið að bænum Djúpadal eftir

vestanverðum Djúpafirði verði leið B fyrir valinu. Vegur út nesið yrði í 20-80 m fjarlægð frá arnarvarpstöðunum við Grónesborg og myndi gera þá óbyggilega að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands. Auk þess er gert ráð fyrir skeringu og efnistöku í klettabelti þar sem einn þessara varpstaða er (náma 10) og myndi hann þar með eyðileggjast. Klettabeltið er að hluta til stuðlað og er áberandi kennileiti í landi. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands væri hins vegar hægt að leggja veg um mynni Djúpafjarðar sem ætti hvorki að spilla varpstöðum arna í Grónesborg né í Gróneseyjum, ef innsti valkosturinn verður valinn. Forsenda þess er sú að lífríki fjarðarins haldist í grundvallaratriðum óbreytt, þrátt fyrir þverun. Umhverfisstofnun bendir á að framangreindar forsendur eru þó ekki fyrir hendi þar sem valkostur Vegagerðarinnar er næst-ystikostur sem liggur mun nær varpstaðnum en innsti kosturinn eða í 305 m fjarlægð, auk þess sem ekki liggur ljóst fyrir hvort lífríki fjarðarins muni haldast óbreytt í kjölfar þverunar fjarðarins, sbr. athugasemdir í kaflanum um gróður hér að framan.

Ernir eru friðaðir samkvæmt íslenskum lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Eins og fram kemur í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um erni og vegagerð í Djúpafirði (sjá fylgigögn með matsskýrslu) er haförn eini íslenski varpfuglinn sem er á alþjóðlegum válista (IUCN 2004) og jafnframt á válista yfir íslenska fugla (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000). Þá var sérstök áhersla lögð á verndun búsvæða hafarna í skýrslu Umhverfisstofnunar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Aðferðafræði*. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum. Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans.

Vegagerð sem hefur í för með sér rask á arnarsetri er því í andstöðu við þá stefnu stjórnvalda að vernda beri arnarstofninn og stuðla að viðgangi hans. Hafa verður í huga að arnarstofninn á Íslandi er lítill en á vordögum 2004 var hann talinn vera allt að 64 pör. Í framangreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að Grónes hefur um áratugaskeið verið eitt af mikilvægustu arnarsetrum landsins og það langmikilvægasta við norðanverðan Breiðafjörð. Þar komust upp um 5% af öllum arnarungum í íslenska stofninum á ríflega 40 ára tímabili, þ.e. á árunum 1964-2004. Ungar hafa hins vegar aldrei komist upp á varpstaðnum í Gróneseyjum af ástæðum sem ekki eru að fullu kunnar.

Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. fyrrgreindra laga getur umhverfisráðherra veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. 19. gr. laganna í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannapágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ekki hefur verið óskað eftir umsögn Umhverfisstofnunar um slíka undanþágu. Að mati Umhverfisstofnunar verður að leggja fram sterk og gild rök fyrir að því slík undanþága verði veitt. Hvað varðar vegagerð hlýtur að þurfa að gera þá kröfu að ekki verði farið í vegagerð sem hefur í för með sér rask á arnarsetri nema enginn annar valkostur komi til greina og að slík vegagerð sé nauðsynleg í almannapágu. Fyrir liggur að það arnarsetur sem mun eyðileggjast hefur haft afgerandi þýðingu hvað varðar viðgang arnarstofnsins. Hvað varðar fyrirhugaðar vegaförum milli Bjarkalundar og Eyri liggur fyrir að til er annar valkostur sem uppfyllir vegtæknilegar kröfur og hefur ekki áhrif á arnarsetur, þ.e. leið D.

Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða segir að fyrirhuguð þverun í Djúpafirði hefði væg áhrif á rauðbrýsting. Fæðuöflunarsvæði á Hallsteinsnesi raskast þar sem þverunin verður en

rauðbrystingurinn notar það í stuttan tíma.

Eins og bent er á í minnihluta álitu Breiðafjarðarnefndar bera Íslendingar alþjóðlega ábyrgð á nokkrum fuglastofnum sem líklega verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni, þó mismikið eftir leiðavali. Þetta eru t.d. haförn, rauðbrystingur, álft, og tildra, vegna þess hve stór hluti stofna þessara tegunda er háður náttúru landsins. Gufufjörður er alþjóðlega mikilvægur fyrir rauðbrysting, þar sem um 1% stofnsins fer um svæðið að vori.

Fjörulíf

Við athuganir Náttúrustofu Vestfjarða var ekki tekið fjörusnið á vestanverðu Grónesi, sbr. mynd 1 í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um fjörur í Gufudalssveit, og því ekki sambærilegar rannsóknir fyrirbyggjandi beggja vegna þverunar um Gufufjörð.

Í umræðukafla í skýrslunni segir um Djúpaafjörð, Grónes og Melanes:

„Það svæði sem fer undir veg er fjölbreytt og lífmikið. Þær tegundir sem eru á svæðinu eru þó algengar og finnast í miklu magni í Breiðafirðinum, t.d. mærudoppa, mæruskel, ránarögn, baugasnotra o.fl. Farið verður yfir marhálmsbletti en stærstu svæðin sleppa eins og t.d. suðurströnd Djúpaafjarðar. Full vatnsskipti verða og mun því lífríki innan þverunar ekki hljóta skaða af.“

Umhverfisstofnun telur vafa undirorpið að ekki gæti áhrifa á lífríki innan þverunar, þar sem óvissu gætir um áhrif á eðlisræna þætti vegna þverana í mynna Djúpaafjarðar og Gufufjarðar, sbr. umfjöllun í kaflanum um gróður hér að framan.

Við þverun fjarðanna, Djúpaafjarðar og Gufufjarðar, fer grunnsævi undir veg.

Umhverfisstofnun bendir á að í samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsarsamningur) er votlendissvæði skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Grunnsævi telst því einnig til votlendis skv. samningnum. Í úrskurðum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda hefur verið mörkuð sú stefna að ef fyrirhugaðar framkvæmdir hafa í för með sér rask á votlendi verði endurheimt a.m.k. jafnmikið votlendi og það sem raskast við framkvæmdirnar. Ekki hefur þó enn verið gerð krafa um endurheimt leira eða fjörugerða á grunnsævi, heldur hefur eingöngu verið um að ræða endurheimt votlendis á landi. Ætla má að erfitt sé um vik við endurheimt grunnsævis af þessari gerð en slíkt hlýtur að kalla á enn íhaldssamari stefnu hvað varðar rask á grunnsævisvotlendisgerðum vegna framkvæmda. Umhverfisstofnun telur endurheimt fyrrgreindra votlendisgerða sem mótvægisáðgerð nánast vera ógjörning og eiga mótvægisáðgerðir í þessu tilviki fyrst og fremst að felast í því að raska þeim ekki.

Hvað varðar áhrif á skarkola er vísað til umfjöllunar í kaflanum um áfanga 1 hér að framan.

Niðurstaða hvað varðar leið B

Leið B mun eyðileggja Teigsskóg í núverandi mynd, óháð því hvaða útfærsla á leiðinni verður valin, og arnarsetur við Djúpaafjörð, auk þess sem leiðin mun hafa mikil áhrif á landslag. Óvissa ríkir um áhrif þverana á sjávarfitjar og leirur. Umhverfisstofnun telur að leið B hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á birkiskóga, erni, votlendi, strendur, lífríki, landslagsheildir og jarðmyndanir og er hún að álitu Umhverfisstofnunar einnig í andstöðu við markmið laga um vernd Breiðafjarðar vegna áhrifa á lífríki, landslag og jarðmyndanir. Umhverfisstofnun telur að leið B sé ekki í samræmi við þær forsendur fyrir vali leiðar sem voru leiðarljós samkvæmt matsskýrslu, að reynt yrði að sneiða fram hjá þeim svæðum sem talin eru lífríkinu mikilvægust.

Leið C

Leið C liggur um sama vegstæði og leið D um Hjallaháls og Ódrjúgsháls og fyrir botni Djúpaþjardar. Hvað varðar þann hluta leiðarinnar er því vísað til umfjöllunar um umhverfisáhrif leiðar D hér að neðan. Leið C liggur síðan út með Djúpaþjóði að vestanverðu sömu leið og heimreið að Djúpadal frá leið B. Leið C þverar síðan Gufufjörð líkt og leið B. Því er vísað til umfjöllunar um leið B hér að framan hvað varðar umhverfisáhrif á þeim hluta af leið C.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að leið C muni hafa í för með sér veruleg og varanleg umhverfisáhrif.

Leið D

Gróður

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands um gróður segir m.a. að leið D fylgi núverandi vegi að mestu og því sé minnst rask á grónu landi sem fylgi henni. Umhverfisstofnun telur að sú fullyrðing að leið D fylgi núverandi vegi að mestu sé ekki rétt enda er frá austanverðum Hjallahálsi að Kraká nánast um nýbyggingu að ræða, sbr. teikningar sem eru fylgiskjal með matsskýrslu.

Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um gróður kemur fram að á vestanverðum Ódrjúgshálsi, þar sem nýtt vegstæði viku frá núverandi vegi, er birkiskógur efst en neðan gisnar birkið og blandast gul- og loðvíði. Fram kemur að áberandi er hversu stórvaxinn og hávaxinn loðvíðirinn er, allt að 1,8 m, sem er fremur sjaldgæft á Vestfjörðum. Neðar er land fleytiþýft þar sem víðir og birkikjarr, 0,8-1,8 m hátt, vex í bland við fjalldrapa, bláberja- og krækilyng á þúfum en margbreytilegt votlendi er á milli þúfna. Náttúrustofa Vestfjarða bendir á að eftirsjá verði af þessu svæði, votlendum kjarmóum, og leggur til að þar verði fylgt holtum eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða er ekki gróðurkort af vestanverðum Ódrjúgshálsi heldur einvörðungu af hálsinum austanverðum. Því er ekki ljóst hvort tekið hafi verið tillit til framangreindra ábendinga náttúrustofunnar við val á veglínu, þ.e. að holtum verði fylgt eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að náma 41 er inni á því svæði sem náttúrustofan leggur áherslu á að ekki verði raskað. Náman er í stuðlabergi, sem er eins og Vegagerðin bendir á, tiltölulega fágæt jarðmyndun og hefur því hátt verndargildi. Styrkja þarf slóðann sem liggur út á Grónes til að komast að námusvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar verður að líta svo á að um nýja veglagningu sé að ræða þar sem umræddur vegslóði er eingöngu troðningur. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við að efni verði tekið í námu 41 vegna áhrifa á jarðmyndun sem hefur verndargildi og á gróðurlendi sem forðast skal að raska. Fremur eigi að nýta betur skeringar á Ódrjúgshálsi, þ.e. námu 37, enda eiga báðar námurnar að nýtast í sömu lög vegarins, þ.e. klæðingu og burðarlag.

Fyrirhugað er að breyta legu vegarins í botni Djúpaþjardar og liggur ný veglína þvert yfir fitjar í botni fjarðarinnar. Þar með tapast um 10 ha af fitjagróðri. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að leið D geri ráð fyrir að þvera Djúpaþjóð á fitjunum og munu þær þar með tapast. Líklegt er að við taki hefðbundið þurrlendis-graslendi eins og er efst á fitjunum.

Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að farið verði með veginn yfir fitjarnar í botni Djúpaþjardar. Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða koma fram ábendingar þess efnis að þegar til lengri tíma sé litið gæti framburður árinna og lega vegarins orðið til þess að þetta gróðurlendi

myndist aftur utan vegarins, en hins vegar er ekki tryggt að sams konar gróðurlendi myndist aftur með tímanum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vernda vistkerfið/fitjarnar í heild sinni en ekki fara þvert yfir það með veg. Fitjar í Djúpaafirði eru á náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 303. Auk þess skulu sjávarfitjar njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í skýrslu Náttúrufræðistofu Vestfjarða kemur fram að fitjar eru ekki umfangsmikið gróðurlendi að flatarmáli á Íslandi. Í skýrslunni segir um fitjar:

„Fitjar eru algengar með ströndum landsins, en víðast hvar aðeins örmjóar ræmur eða blettir. Flatarmál fitja á Íslandi er óverulegt miðað við flatarmál gróins lands, leirur eru áætlaðar 174 km², þar af 70 km² við Faxaflóa og aðrir 70 km² við Breiðafjörð. Víðáttumestar eru fitjar við norðanverðan Faxaflóa, en miklar fitjar eru einnig við Hornafjörð, á Rauðasandi og á Barðaströnd. Gróður á fitjum skiptir nokkuð í tvö horn eftir landshlutum; sunnanlands og vestan er sjávarfitjungurinn ríkjandi en norðanlands er skriðlingresi komið.

Fitjarnar í þessum fjörðum eru ekki víðáttumiklar, í Djúpaafirði aðeins um 10 ha (0,1 km²), en í Gufufirði nær votlendisgróðurinn yfir ríflega 30 ha (0,3 km²). Þetta eru þó víðáttumestu fitjarnar í gamla Gufudalshreppi, frá Reykjanesi og vestur um að Barðaströnd og verndargildi þeirra samkvæmt því nokkuð.”

Umhverfisstofnun telur að rétt eins og lögð er áhersla á það af hálfu framkvæmdaraðila að leita í lengstu lög leiða til að sneiða hjá fornleifum, sbr. umfjöllun um aðferðafræði við mat á umhverfisáhrifum í kafla 5.1 í matsskýrslu, ætti það að vera stefna framkvæmdaraðila að leita leiða til að sneiða hjá náttúruminjum. Samræmis ætti að gæta hvað varðar vernd fornleifa og náttúruminja og þar með ætti að leggja veginn þannig að fitjunum í botni Djúpaafjarðar, sem hafa hátt verndargildi sem vistkerfi, verði ekki raskað.

Umhverfisstofnun telur að engin rök hnigi að því að nauðsynlegt sé að fara yfir fitjarnar með veginn. Stofnunin telur því að færa eigi veglínuna innar í fjörðinn þannig að hún liggji ofan við fitjarnar eða í jaðri þeirra neðan við túnin í firðinum. Með þeim hætti yrðu fitjarnar að mestu óraskaðar og þær verndaðar sem ein heild.

Fjölbreytt votlendi er í botni Gufufjarðar og er það rúmlega 30 ha að stærð. Yst er fitjagróður en það er vistkerfi sem njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eins og bent hefur verið á hér að framan. Talsvert er um tjarnir á fitinni. Í matsskýrslu kemur fram að leið D geri ráð fyrir að þvera Gufufjörð utan við fitjarnar. Fitjarnar verði sjálfar ósnertar og gert er ráð fyrir 100% vatnsskiptum. En í matsskýrslu segir einnig:

„Erfitt er að segja fyrir um hver verða áhrif framkvæmdanna á fitjarnar. Fitjagróður er aðlagður að sjávarföllum og breytileiki hans endurspeglar reglubundna hækkun á flóðamörkum sem aftur hefur mikil áhrif á hversu oft einstakir flekkar fara undir sjó, eða hversu djúpt er á vatn í jarðveginum.”

Þar segir jafnframt:

„Hugsanlegt er að straumar og sjávarföll breytist, eða a.m.k. taktur þeirra og þar með grundvallarskiyrði fitjanna. Mikill munur flóðs og fjöru er eitt aðaleinkenni Breiðafjarðar og þessi hæga en mikla sveifla hlýtur að skapa sérstakar aðstæður. Ef farin verður leið D, gætu aðstæður breyst að einhverju leyti, og þar með skilyrði gróðurs. Sé litið til eilítið lengri tíma má jafnvel gera ráð fyrir að framburður árinna og rof úr hliðinni safnist hraðar upp innan vegarins og svæðið fá yfirbragð þurrlandis, en einnig gætu myndast fitjar utan við veginn, þar sem fjörðurinn er aðgrunnur.” (bls. 85)

Af framansögðu er ljóst að óvissa ríkir um áhrif þverunar á fitjar í botni Gufufjarðar.

Umhverfisstofnun telur því að ekki sé hægt að fallast á þverun Gufufjarðar nema tryggt sé að hún hafi ekki áhrif á fitjar í firðinum og að vatnsskipti verði óbreytt í bæði tíma og rúmi. Umhverfisstofnun telur að skoða eigi þann möguleika að reisa lágbrú yfir fjörðinn og draga úr fyllingum. Stofnunin telur að þverun fjarðarins samkvæmt ytri leið sé að líkindum betri kostur m.t.t. áhrifa á fitjar og leirur en innri leiðin, sbr. einnig álit Náttúrustofu Vestfjarða og umfjöllun í matsskýrslu.

Fuglalíf

Samkvæmt skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða verða mestu áhrifin á varpfugla á leið D á vegkaflanum frá Ódrjúgshálsi og yfir Gufufjörðinn. Miðað við þekkt búsvæði á kaflanum er talið ólíklegt að þar sé að finna sjaldgæfar tegundir. Gufufjörður er mikilvægur fyrir rauðbrystinga og þá sérstaklega innsti hluti hans. Einnig er töluvert um rauðbrysting í Djúpafirði. Um 1% af stofni rauðbrystinga sem fara um Ísland notar Gufufjörðinn að vori til og hefur hann þar með alþjóðlegt mikilvægi, en samkvæmt Ramsar sáttmálanum um votlendi hafa svæði alþjóðlegt mikilvægi ef þau viðhalda reglulega 1% eða meira af stofni einnar tegundar eða undirtegunda fugla. Lítið var af tildru á svæðinu nema í Djúpafirði. Í framangreindri skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða kemur fram að firðir á athugunarsvæðinu eru mikilvægir fyrir vaðfugla vegna fæðuöflunar og koma Þorska- og Djúpafjörður sterkir inn síðsumars en Gufufjörður er mikilvægari um vorið. Djúpifjörður er mikilvægur sem fellistaður fyrir andfugla en þar fella á bilinu 4-800 álfir á hverju síðsumri og einnig rauðhöfði og toppönd.

Eins og bent er á í minnihluta álitu Breiðafjarðarnefndar eru því á framkvæmdasvæðinu fuglategundir, bæði í varpi og fari, sem alþjóðlegar skuldbindingar taka til og Íslendingar hafa staðfest. Álfir og tildra eru meðal þeirra tegunda sem falla undir viðauka II í Bernarsamningnum um villtar plöntur og dýr, sem felur í sér að aðilum ber að gera viðeigandi og nauðsynlegar ráðstafanir til að friða þessar tegundir og vernda lífssvæði þeirra, m.a. með tilliti til ónæðis við bústaði þeirra. Rauðbrystingur er á meðal tegunda í viðauka III en um þær segir einnig að leggja skuli sérstaka áherslu á friðun þeirra svæða sem eru mikilvæg fyrir fartegundir á listanum. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir raski ekki þeim svæðum sem mikilvægar eru fyrir þessar tegundir. Stofnunin vekur athygli á að nú þegar hefur verið gengið á búsvæði rauðbrystings, s.s. með þverun Gilsfjarðar en við þá framkvæmd var um 4% leira landsins spillt.

Í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða um fuglalíf kemur fram að engin góð staðsetning sé á þverun í Gufufirði en verst muni hún vera upp undir sjávarfitjarnar (innsti kosturinn). Þar segir þó einnig að þar sem full vatnsskipti verði tryggð við öllum mögulegum þverunum ættu þær að hafa lítil áhrif á rauðbrysting og aðra fugla. Í umfjöllun um áhrif á fitjar í Gufufirði í matsskýrslu (bls. 89) kemur hins vegar fram að þó brúin verði það löng að vatnsskipti verði óbreytt, gætu straumar aukist, breyting gæti orðið á sjávarhæð á stórstraumsfjöru eða – flóði og gera megi ráð fyrir einhverri seinkum á rytma sjávarfalla.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé nóg að gera eingöngu ráð fyrir fullum vatnsskiptum heldur verði að vera tryggt að sjávarföll verði óbreytt bæði í tíma og rúmi.

Fjörulíf

Í umræðukafla í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða segir um Gufufjarðarbotn:

„Lífrikið var hvorki fjölbreytt né mikið sem kom nokkuð á óvart þar sem töluvert fuglalíf var á sýnatökusvæðinu vorið 2003. Heldur meira dýralíf var undan Hofstöðum en undan Brekkubarmi. Náttúruverðmæti Gufufjarðar með tilliti til smádýralífs virðist því ekki vera

mikið.”

Ósamræmi virðist því vera á milli niðurstaðna í rannsóknum á fuglalífi og fjörulífi í Gufufirði. Fjörðurinn er mikilvægt fæðuöflunarsvæði fyrir vaðfugla, einkum á vorin, og hefur alþjóðlegt mikilvægi fyrir rauðbrysting en þó er smádyralíf þar ekki mikið samkvæmt rannsóknum á fjörulífi. Þrátt fyrir niðurstöðu rannsókna virðist fjöldi fugla halda til á svæðinu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að leið D muni hafa í för með sér minnst umhverfisáhrif af þeim leiðum sem lagðar eru fram til úrskurðar í matsskýrslu. Stofnunin telur þó að gera verði ákveðnar breytingar á leiðinni til að hlífa fitjum í botni Djúpaþjarðar við raski. Jafnframt telur stofnunin að tryggja verði að þverun Gufufjarðar raski sem minnst búsvæði (fæðusvæði) rauðbrystings og annarra fuglategunda í firðinum. Umhverfisstofnun telur að ekki hafi verið sýnt fram á svo óyggjandi sé að þverunin muni ekki hafa neikvæð áhrif á leirur og fitjar í Gufufirði. Stofnunin ítrekar að gera verður ráð fyrir óbreyttum vatnsskiptum í tíma og rúmi. Stofnunin telur að þverun fjarðarins samkvæmt ytri leið muni líklega hafa minni áhrif á fitjar og leirur í Gufufirði en innri leiðin.

ÁFANGI 3

Þessi áfangi er kaflinn frá Kraká í Gufufirði að Eyrará í Kollafirði. „Við Skálanes eru tvö framhlaup sem líklegast eru berghlaup, Skálaneshraun og Háahraun og setja þau mikinn svip á umhverfi sitt” (Jarðmyndanir og efnistökusvæði bls. 15). Á þessu svæði leggur Vegagerðin fram 5 valkosti, en hallast að svokölluðum miðkosti „sem er nánast núverandi vegur” (matsskýrsla, bls. 55).

Umhverfisstofnun telur að nýta eigi núverandi veg fyrir Skálanes eins og kostur er til að draga sem mest úr raski á berghlaupunum við Skálanes. Hanna ætti skeringar og veg þannig að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst og halda framkvæmdasvæðinu samfelldu yfir eystra framhlaupið til að minnka sjónræn áhrif. Í Háahrauni er mikilvægt að yfirborð og halli skeringar taki mið af núverandi frambrún berghlaupsins. Þar sem vegsvæði liggja nærri mannvirkjum sem hugsanlega mættu vikja, s.s. þegar um gömul útihús er að ræða, ætti að leggja mat á hvort hugsanlegt sé í vissum tilfellum að rífa eða flytja viðkomandi byggingar og draga með þeim hætti úr jarðraski. Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að gera ráð fyrir sérstöku efnistökusvæði í framhlaupunum við Skálanes.

ANNAD

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur að umfjöllun um sjónræn áhrif framkvæmdinnar sé ekki í samræmi við samþykktu matsáætlun, sbr. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 13. febrúar 2004. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar kemur m.a. fram að í matsskýrslu þurfi að sýna þær ásýndarbreytingar sem verða frá völdum stöðum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis með tilkomu vegarins. Þar segir:

„Um væri að ræða myndræna framsetningu þar sem valin verði tiltekin sjónarhorn þar sem ásýnd svæðishluta er sýnd fyrir og eftir framkvæmdir. Þar sem fyrirhugaðar leiðir liggja um óraskað svæði þarf að birta myndir sem sýna vegina í umhverfi svæðisins. Mannvirkin þarf að teikna á ljósmyndagrunn sem sýnir legu vegar þar sem hugsanlegt er að Þorska-, Djúpa- og Gufufjörður verði þveraðir ásamt legu vegar frá Þórisstöðum um Teigsskóg út á Hallsteinsnes. Jafnframt þarf sams konar myndir til að sýna hugsanlegt vegstæði út Djúpaþjörð, á Grónesi, um Skálaneshraun og með þverun innanverðs Gufufjarðar samkvæmt leið D.”

Umhverfisstofnun telur að Skipulagsstofnun þurfi að skilgreina nánar hvernig staðið skuli að gerð teikninga á ljósmyndagrunn. Skilgreina ætti m.a. sjónarhorn, hlutföll/stærð mynda og nákvæmlega hvað sýna eigi.

Umhverfisstofnun telur því að umfjöllun um sjónræn áhrif í matsskýrslu sé með öllu ófullnægjandi. Ekki eru sýnd áhrifasvæði hveirrar veglinu fyrir sig, þ.e. að á einni loftmynd 1:5000 séu sýnd öll þau svæði sem fyrirhugað er að raska vegna framkvæmdarinnar. Sýna ætti leið ásamt skeringum og fyllingum, námum og námuvegum.

Áhrifasvæði framkvæmdar

Í matsskýrslu hefði átt að gera grein fyrir áhrifasvæði framkvæmdarinnar á þann hátt sem hér að framan greinir, sbr. ákvæði reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum. Ekki kemur t.d. fram í matsskýrslu að áhrifa vegna leiðar B gætir inn undir Grónesborg, þ.e. námu 10 í vestanverðum Djúpafirði. Ráðgert er að nýta við þá framkvæmd námu 32 og ef sú náma verður nýtt á því svæði sem sýnt er á mynd 4.2 eru rúmlega 700 metrar að arnarhreiddi í Grónesborg. Þó að fallið verði frá tengivegi inn Djúpaþjörð að vestanverðu mun leið B engu að síður raska um þriðjungi strandarinnar í vestanverðum Djúpafirði. Eins og Umhverfisstofnun benti á í athugasemdum við tillögu að matsáætlun er við skilgreiningu áhrifasvæðis mikilvægt að ekki sé eingöngu horft til þess svæðis sem raskast við veglagninguna sjálfa heldur einnig tekið mið af landslagi og áhrifasvæði sjónrænna þátta.

Áhrif á landslag

Í matsskýrslu segir m.a.: „*Áhrif veglagningar á landslag fara mest eftir því hversu vel vegurinn fellur að landslaginu t.d. hvort hann rjúfi landslagsheildir.....Með leið B verða tveir firðir þveraðir og landslagsheild því rofin.*” (matsskýrsla bls. 110)

Umhverfisstofnun telur að hér sé fjallað á full yfirborðskennndan hátt um landslag eins og fram kemur í umfjöllun um sjónræn áhrif. Hér er litið til stærri landfræðilegra fyrirbæra s.s. fjarða, en ekki tekið nægjanlegt tillit til minni landslagsheilda og þær ekki afmarkaðar í landi. Við mat á landslagi er ekki tekið tillit til einkenna sem móta landslagið, s.s. einstakra jarðmyndana eða áberandi kennileita sem hugsanlega verður raskað við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Myndræn framsetning af Melanesi er með þeim hætti að ekki er hægt að meta samspil allra þeirra þátta framkvæmdarinnar sem áhrif hafa á viðkomandi svæði. Ekki er unnt að greina t.d. áhrif efnistöku og haugsetningar umfræfnis í samspili við skeringar og fyllingar.

Í matsskýrslu kemur fram að beggja vegna Þorskafjarðar eru háir sjávarbakkar og því verða töluverðar skeringar við landtöku beggja vegna fjarðarins. Á bls. 78 í matsskýrslu segir: „*Ef fjörðurinn verður þverður mun uppfyllingin og brúin blasa við þegar keyrt er inn fjörðinn þar sem hún er þvert á akstursstefnu en uppfyllingin skyggir ekki á landslag. Landslagsáhrif þverunar verða mjög sambærileg við þverun Dýrafjarðar.*”

Umhverfisstofnun bendir á að þó uppfyllingin „skyggi ekki á landslag” mun hún þó verða áberandi í landslaginu. Við mat á áhrifum á landslag þarf einnig að taka með áhrif skeringa á landi, en þær verða töluverðar beggja vegna fjarðarins vegna landfræðilegra aðstæðna.

Í meirihluta álitu Breiðafjarðarnefndar kemur fram að nefndin telur ekki með góðu móti unnt að gera greinarmun á því hvaða leið hafi mest eða neikvæðust áhrif á landslag, en telur þó leið B ásættanlegasta. Að mati Umhverfisstofnunar er af fyrirbyggjandi gögnum ekki hægt að ráða að leið B sé ásættanlegust m.t.t. til áhrifa á landslag.

Hávaði

Í matsskýrslu segir um hávaða frá umferð (bls. 110):

„Áhrif hávaða frá umferðinni við hús, sumarhús þar með talin, á framkvæmdasvæðinu munu breytast lítið enda verða fjarlægðir milli húsa og vegar mjög álika og nú er. Hljóðmengun mun hins vegar vaxa við Gröf, Grímkelsstaði (sumarhús niður við sjó) og Hallsteinsnes á leið B og við sumarhús Starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar á leið C (tímabundið á leið B). Aukin hljóðmengun stafar í þessum tilvikum af aukinni umferð en á þessum stöðum er nánast engin umferð nú. Niðurstaðan er að í heild séu áhrifin hverfandi lítil. Þessi niðurstaða byggir þó á núverandi byggðarmynstri og tekur ekki til neinnar hugsanlegrar byggðar á svæðinu.”

Eins og fram kemur í matsskýrslu er land á áhrifasvæði framkvæmdarinnar m.a. nýtt undir frístundabyggð. Ef tekið er mið af tölum um þróun umferðar verður mikil aukning á sumardagsumferð og hlýtur það að hafa í för með sér töluverð áhrif á hljóðvist hvað varðar frístundabyggð. Í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða eru tilgreind viðmiðunar- og leiðbeiningargildi fyrir hljóðstig, m.a. fyrir sumarhúsabyggð.

Útblástur

Í matsskýrslu segir m.a.:

„.....Hér verður um tímabundin áhrif að ræða, en útblástur, miðað við þá umferð sem verið hefur, mun minnka með nýja veginum í samburði við núverandi veg. Hér veldur einkum betri lega.” (bls. 110)

Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt matsskýrslu er gert ráð fyrir aukinni umferð um veginn, en ekki virðist tekið mið af því í umfjöllun um útblástur. Þar sem núverandi árdagsumferð (ÁDU) er lítil, áætluð 62 bílar árið 2005, virðist sem ætla megi að breyting á útblæstri bifreiða sé vart þáttur sem skiptir máli við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Ef hins vegar gert er ráð fyrir mikilli aukningu í umferð sem virðist fylgja vegtæknilega betri vegum mætti ætla að sú umferðaraukning vægi upp á móti áhrifum af betri legu vegarins og að í reynd verði aukning á útblæstri vegna aukinnar umferðar í samburði við núverandi veg.

Mótvægisáðgerðir

Í matsskýrslu kemur fram að fyrirhugað er að rækta upp skóg í stað birkiskógar sem raskast. Gerð hefur verið áætlun um ræktun á skógi sem er jafn mikill að nettó flatarmáli og það svæði sem skerðist vegna framkvæmdanna. Gert er ráð fyrir að planta þeim tegundum sem finnast í Teigsskógi, þ.e. birki, reyni, gul- og loðvíði og eini.

Umhverfisstofnun telur að fyrst og fremst beri að leggja áherslu á að vernda þau vistkerfi sem hafa verndargildi þ.m.t. birkiskóga og að mótvægisáðgerðir eða uppgræðsla í stað þeirra vistkerfa sem raskast bæti aldrei fyrir þann skaða sem verður vegna framkvæmda. Gripið sé til mótvægisáðgerða ef ekki er með nokkru móti hægt að komast hjá því að raska viðkomandi vistkerfum. Hvað varðar ræktun skógar í stað þess sem eyðileggst, er rétt að benda á að sá skógur sem verður ræktaður getur aldrei orðið eins og sá upprunalegi. Umhverfisstofnun bendir á að einhverjar þær aðstæður eru fyrir hendi sem gera það að verkum að skógur hefur haldist á vesturströnd Þorskafjarðar, s.s. veðursfarslegar og landfræðilegar aðstæður, þar hefur ekki verið beit o.s.frv.

Veglagning um Teigsskóg mun í raun hafa áhrif á nánast allan skóginn þegar tekið er tillit til áhrifa sem verða vegna efnisvinnslu og slóðagerðar. Þegar opnun myndast í skóginum koma fram jaðaráhrif sem rýra gildi þess sem eftir er. Umhverfisstofnun telur því að þegar metið er hver sé stærð (flatarmál) þess skóglendis sem endurheimta þarf ef leið B verður valin sé ekki nægjanlegt að miða eingöngu við það flatarmál skógar sem verður fyrir beinu raski

heldur verði að endurheimta stærra svæði.

Umhverfisstofnun telur að þar sem vikið er frá núverandi vegi, s.s. á Ódrjúgshálsi, ætti sem mótvægisáðgerð að fjarlægja núverandi veg og græða vegsvæðið upp. Við uppgræðsluna verði reynt að endurheimta grenndargróður.

Umhverfisstofnun telur að einnig eigi að setja sem skilyrði fyrir framkvæmdum að endurheimt verði minnst jafnmikið votlendi og raskast við framkvæmdina, þ.m.t. grunnsævi, en bendir jafnframt á að votlendisaðgerðir á grunnsævi eru nánast óframkvæmanlegar.

Vöktun

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun vegna framkvæmdarinnar segir um vöktun:

„Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í matsvinnunni verði lagt mat á þörf fyrir vöktun á áhrifum þverunar fjarða og vegagerðar um birkiskóga og yfir straumvötn og að greint verði frá niðurstöðu þess mats í matsskýrslu. Ef nauðsynlegt reynist að vakta tiltekna umhverfisþætti vegna framkvæmdanna þarf Vegagerðin eftir því sem við á að hafa samráð við leysisveitendur og umsagnaraðila um vöktun. Í áætluninni þarf að koma fram hvaða þætti skuli vakta, hvernig vöktun skuli háttáð, hugsanlegar mótvægisáðgerðir ef vöktun sýni neikvæða þróun og þann tíma sem vöktun skuli standa yfir. Ennfremur þarf að koma fram hvaða aðili muni sinna vöktun og bera ábyrgð á henni.“

Í kafla 7.2 í matsskýrslu er fjallað um vöktun og segir þar að áhrif á náttúrufar séu fyrirséð og afmörkuð og því ekki talin ástæða til skipulegrar vöktunar. Þó er gert ráð fyrir eftirtöldum aðgerðum:

- Plöntunarárangur skógræktar metinn í tvö ár
- Fylgst með veiðiám
- Arnarstofninn vaktaður og þar á meðal arnarsetur á framkvæmdasvæðinu
- Fuglatalningar vegna þverunar fjarða vor og haust í tvö ár
- Seltumælingar bæði fyrir og eftir framkvæmdir

Ekkert kemur fram um að grípa eigi til einhverra aðgerða ef í ljós kemur að áhrif framkvæmdanna verði meiri og/eða önnur en gert er ráð fyrir. Umhverfisstofnun telur að líta beri á framangreindar aðgerðir sem vöktun, enda virðist tilgangurinn sá að fylgjast með því hver verði árangur þeirrar skógræktar sem fyrirhuguð er sem mótvægisáðgerð og því hver verði raunveruleg áhrif framkvæmdarinnar, sbr. t.d. umfjöllun um fuglatalningar og seltumælingar. Umhverfisstofnun telur að tilgangur vöktunar eigi ekki eingöngu að vera sá að fylgjast með því hvort raunveruleg umhverfisáhrif framkvæmda verði þau sömu og ráð er fyrir gert í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna heldur verði hún að leiða til þess að gripið sé til frekari mótvægisáðgerða ef þess gerist þörf.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé nægjanlegt að vakta eingöngu í tvö ár framangreinda þætti. Til að hægt sé að meta árangur af endurheimt skógræktar er nauðsynlegt að fylgjast með framvindu hennar í fjölda ára og meta árangur eftir 10-20 ár. Ekki er hægt að búast við því að áhrif af þverun fjarða séu að fullu komin fram tveimur árum eftir að framkvæmdum lýkur. Umhverfisstofnun telur því að gera verði mun ítarlegri vöktunaráætlun sem nær til lengri tíma.

Leiðaval

Umhverfisstofnun vekur athygli á að ákveðins ósamræmis gætir í umfjöllun um eftirtalda þætti í skýrslunni Leiðaval (sjá fylgiskjal með matsskýrslu).

Samanburður valkosta

Í matsskýrslu kemur fram að ráðgert sé að ráðast í nánustu framtíð í gerð jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, þannig að stysta leið fyrir íbúa við utanvert Djúp inn á Hringveginn yrði um Vestfjarðaveg í stað Djúpvegar. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu hefði þurft að gera grein fyrir áhrifum vegar um Arnkötludal á umferð um það svæði sem hér um ræðir. Jafnframt hvort vegur um Arnkötludal muni hafa áhrif á fyrirhuguð jarðgöng undir Hrafnseyrarheiði og þá á umferð um Barðaströnd í nánustu framtíð.

Arðsemi

Umhverfisstofnun telur óheppilegt að notast við hugtakið arðsemi þegar um samanburð tveggja valkosta er að ræða. Í meðförum Vegagerðarinnar hefur hugtakið arðsemi ekkert með hagnað eða arð að gera eins og sjá má á eftirfarandi samanburði tveggja valkosta í vegagerð í Þorskafirði.: „*Ennfremur mætti, í samanburðinum, fresta smíði nýrrar brúar um nokkur ár á Þorskafjarðará, en það drægi úr arðsemi þverunarinnar.*” (Leiðaval, bls. 21)
Ekki er unnt að sjá hvernig frestun framkvæmda vegna vegagerðar fyrir botn Þorskafjarðar geti haft áhrif á eiginlega arðsemi þverunar Þorskafjarðar.

Umferðaraukning um nýjan veg

Í matsskýrslu segir m.a.: „*Yfirleitt verður verulegt stökk í umferð samfara nýjum og greiðfærum vegum, þ.e. styttri ferðatíma allt árið.*” (Vestfjarðavegur um Gufudalssveit: Leiðaval, bls. 17) Þessi fullyrðing er þó ekki rökstudd nánar og ekki nefnt dæmi þar um. Benda má á að þrátt fyrir þverun Gilsfjarðar fer umferð minnkandi á Vestfjarðavegi vestan Þorskafjarðar. Umferð um Klettsháls fyrir og eftir framkvæmdir virðist ekki benda til aukningar umferðar af þeirri stærðargráðu sem Vegagerðin áætla á nýjum vegi frá Þórisstöðum að Kraká. Á Klettshálsi var umferð 2001 ÁDU (árdagsumferð) 53 og VDU (vetrardagsumferð) 13, en árið 2005 var ÁDU 62 og VDU 18. (Umferð 2005 er framreiknuð og gæti verið háð breytingum. Heimild: Auður Þóra Árnadóttir, Vegagerðinni.)
Á bls. 24 í Leiðavali (sjá fylgiskjal með matsskýrslu) segir m.a.: „*Vegagerðin leggur til að ekki verði ráðist í þverun fjarðarins að sinni enda er engin arðsemi af þeirri framkvæmd miðað við núverandi umferð. Þetta kann hins vegar að breytast með vaxandi umferð, m.a. vegna betri vega á þessari leið. Þetta mun þó taka töluverðan tíma þar sem umferðin þyrfti að tvöfaldast til að þverun fjarðarins verði arðsöm.*”
Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi hvernig unnt er að gera ráð fyrir að umferð muni aukast um helming á kaflanum frá Þórisstöðum að Kraká strax að framkvæmdum loknum, en að sú aukning muni ekki skila sér á kaflann Kinnarstaðir-Þórisstaðir fyrr en löngu eftir að framkvæmdum á fyrirnefndum kafla er lokið.
Hér er verið að gera ráð fyrir umferð á tveimur samliggjandi vegköflum þar sem gera má ráð fyrir að öll aukning á öðrum kaflanum skili sér nánast alfarið á hinn. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að umferð um þessa kafla aukist ýmist um helming eða að aukin umferð muni skila sér mjög hægt.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að í raun liggi ekki fyrir fullnægjandi gögn til að hægt sé að meta til fullnustu áhrif á alla umhverfispætti. Þrátt fyrir það telur Umhverfisstofnun ljóst af fyrirliggjandi gögnum að fyrirhuguð veglagning skv. leið B muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif á birkiskóga, erni, votlendi, strendur, lífríki, landslagsheildir og jarðmyndanir og er hún að áliti Umhverfisstofnunar einnig í andstöðu við markmið laga um vernd Breiðafjarðar vegna áhrifa á lífríki, landslag og jarðmyndanir. Umhverfisstofnun telur að af þeim valkostum sem lagðir eru fram til úrskurðar muni leið B hafa mest umhverfisáhrif. Stofnunin telur að leið C muni einnig hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun telur að af framlögðum valkostum hafi leið D með ákveðnum breytingum minnst umhverfisáhrif í för með sér, en hún er jafnframt ásættanlegur valkostur út frá veltæknilegum atriðum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skylt er að leita leyfis stofnunarinnar fyrir framkvæmdum innan þess svæðis sem er friðlýst samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.

Virðingarfyllst

Sigurros Friðriksdóttir
Sigurros Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri

Arni Bragason
Arni Bragason
forstöðumaður